

## Lög félags Samtaka um rannsóknir í félagsráðgjöf

Samþykkt á stofnfundi 8.mars 2002

\* breyt. á 3 gr. á aðalfundi 2004.

### 1. gr.

#### Nafn og aðsetur

Heiti félagsins er Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, skammstafað Ís-Forsa í samræmi við nöfn norræna systursamtaka. Aðsetur félagsins er í Reykjavík. Samtökin eru þverfaglegur félagsskapur fólks sem hefur áhuga á rannsóknum og fagþróun á sviði félagsráðgjafa félags- og velferðarmála. Samtökin eru óháð stjórnmalaflokkum og fagfélögum.

### 2. gr.

#### Markmið

Markmið samtakanna er að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði félags- og velferðarmála ráðgjafa á Íslandi með því ~~að~~ :

- að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf;
- að efla tengsl og samstarf félagsmanna;
- að efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á sviði félagsráðgjafa;
- að bæta skilyrði fyrir rannsóknum og rannsóknarnámi
- að beita sér fyrir því að miðla þekkingu á rannsóknum og þróunarstarfi á vettvangi
- að stuðla að útgáfu og annars konar kynningu á rannsóknum í félagsráðgjöf;
- að stuðla að alþjóðlegu rannsóknar- og þróunarsamstarfi í félagsráðgjöf.

### 3. gr.

#### Félagsaðild og félagsgjöld

Félagar geta þeir einstaklingar orðið sem hafa áhuga á rannsóknum og þróunarstarfi á sviði félags- og velferðarmála ráðgjafa. Félög og stofnanir geta gerst styrktarfélagar. Nemendur á ~~í~~ Félagsvísindasviði deild Háskóla Íslands og öðrum sambærilegum sviðum deildum innan annarra háskóla geta verið aukaaðilar meðan á grunnnámi standur og greiða þá ekki félagsgjöld.\*

Starfs- og reikningsár félagsins er almanaksárið. Félagsgjöld til félagsins skulu greidd fyrir 1. apríl. Gjaldkeri annast fjárreiður félagsins.:

Aðalfundur ákveður félagsgjöld fyrir eitt ár í senn. Félagsaðild er staðfest með greiðslu félagsgjalda.

Endurskoðaða reikninga félagsins skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar.

Reikningar skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á skrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.

4. gr.  
Starfsemi

Upplýsingar til félagsmanna skulu eiga sér stað gegnum heimasíðu félagsins. Á henni skal boða til funda, tilkynna um fræðslufundi, ráðstefnur og málþing, veita upplýsingar um gagnlegar vefslóðir og svo framvegis.

5. gr.  
Stjórnskipulag

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins. Fundurinn kýs félaginu stjórn sem annast málefni þess milli aðalfunda. Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga félagsins.

Stjórn félagsins skipar starfsnefndir eftir því sem hún telur ástæðu til. Stjórn félagsins boðar til aðalfundar með upplýsingum um stund og stað til allra félaga með minnst mánaðar a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

6. gr.  
Stjórn

Stjórn félagsins skipa fimm5 menn, allir kjörnir til tveggja ára. Til að tryggja Tryggt skal samfellu í stjórn skulu tveir aðalmenn kjörnir árlega til tveggja ára í senn. með því að 3 menn séu kosnir til tveggja ára og 2 til eins árs. Kjósa skal formann sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum og kýs varaformann, ritara og gjaldkera. Tveir varamenn skulu kosnir til tveggja ára.

Hætti stjórnarmaður í félaginu á kjörtímabilinu skal varamaður taka sæti hans til næsta aðalfundar, en þá skal kjósa stjórnarmann í stað hans til loka kjörtímabils hans. Tillögur um stjórnarmenn skulu sendar stjórninni eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Formaður boðar stjórn og sendir út dagskrá. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsins.

Stjórn er ákvörðunarhæf þegar minnst 3 þrír stjórnarmenn eru til staðar. Stjórnin heldur minnst tvo fundi á ári. Stjórn ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins milli aðalfunda.

7. gr  
Aðalfundur

Boða skal til aðalfundar einu sinni á ári í apríl með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

Kosning fundarstjóra og ritara

Skýrsla stjórnar

Skýrslur nefnda og starfshópa eftir því sem við á

Reikningar félagsins

Lagabreytingar

Ákvörðun félagsgjalda

Stjórnarkjör  
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga  
Önnur mál.

Kosið skal skriflega sé þess óskað. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

Í tengslum við aðalfund er að jafnaði haldið málþing um efni sem stjórn hefur ákveðið. Tillögur fyrir aðalfund skulu berast til stjórnar þremur vikum fyrir aðalfund.

#### 8. gr. Félagsfundur

Almenna félagsfundur skal stjórnin halda um félagsmálefni þegar ástæða þykir til. Til félagsfunda skal boða með tilkynningu til félagsmanna eða auglýsingu.

#### 9. gr. Breytingar á lögum

Tillögur um breytingar á lögum skal senda stjórn félagsins fyrir lok starfsárs og skulu þær lagðar fyrir næsta aðalfund. Fram komnar tillögur og/eða tillögur stjórnar til breytinga á lögum skulu kynntar félagsmönnum í fundarboði. Breyting á lögum öðlast ekki gildi nema hún sé samþykkt með minnst 2/3 hlutum greiddra atkvæða fundarmanna á löglega boðuðum aðalfundi.

#### 10. gr. Lagabreytingar og upplausn félagsins

Lagabreytingar og ákvörðun um upplausn félagsins er aðeins möguleg ef minnst 2/3 af viðstöddum félagsmönnum á aðalfundi greiða því atkvæði. Eaf ákveðið er að leggja félagið niður ákveður stjórn hvernig koma skuli eignum félagsins fyrir. Við félagsslit skal eignum félagsins ráðstafað í samræmi við markmið félagsins.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga skal á stofnfundi félagsins kjósa tvo stjórnarmenn, formann og tvo meðstjórnendur, til tveggja ára og tvo til þriggja ára.

Comment [h1]: Greinin felld út.